

**Skaftafell III og IV - Deiliskipulag**

Fundarpunktur af fundi – 09.09.21 sem haldinn var með fjarfundarsniði kl. 13-14

Viðstaddir:

Brynja Dögg Ingólfssdóttir skipulagsfulltrúi Hornafirði, Styrmir Níelsson aðstoðarmaður  
Stefán Benediktsson verkkaupi,  
Silja Traustadóttir og Sigbjörn Kjartansson Glámu Kími arkitektum

Fundarmenn kynntu sig og Brynja fór yfir helstu atriði sem þurfi að skýra betur og ræða í tengslum við deiliskipulag í Skaftafelli III og IV.

1. Spurt var um uppbyggingu sem öll er á landi Skaftafells III en ekki í Skaftafelli IV. Þetta er með ráðum gert og í fullu samkomulagi lóðarhafa. Byggingarfulltrúi Hornafjarðar Bartosz Skrzypkowski hefur afrit af samningi undir höndum. Ákveðið var að GK myndi gera betur grein fyrir samningi í deiliskipulagsskilmálum eða gera samninginn hluta af deiliskipulagsgögnum. Í honum er kveðið á um hvar uppbygging mun eiga sér stað og settar eru kvaðir um umferð. Einnig væri möguleiki að skila samþykki lóðarhafa Skaftafells IV fyrir deiliskipulaginu.
2. Spurt var um notkun, þ.e. gistihús og frístundahús. Skipulagshöfundar fóru yfir að megin notkun á svæðinu yrði gistihús til skammtímaútleigu en lóðarhafa langaði til að geta byggt sumarhús fyrir sig og afkomendur sína á landi forfeðra sinna. Föst búseta verður ekki heimiluð og orðið íbúðarhús verður fjarlægð úr skýringum. Vel gæti farið á því að hafa frístundahús samhliða gistipjónustu og hvort haft styrk að öðru. Umhverfis- og skipulagsnefnd þarf að fjalla um hvort þessi notkun samrýmis staðfestu aðalskipulagi.
3. Rætt var um gistipjónustu. Upphaflega voru heimildir í aðalskipulagsbreytingu umfangsmeiri, þ.e. heimila átti byggingu allt að 10 starfsmannahúsa og 3.000m<sup>2</sup> þjónustuhúsnæði. Var þar einkum horft til jöklaferða, fjallaleiðsögu og starfsmannahúsa sem gætu nýst þjóðgarði, starfsmönnum ferðafyrirtækja og þjónustu fyrir gistihús í skammtímaleigu. Rétt fyrir samþykkt aðalskipulagsbreytingarinnar voru heimildir takmarkaðar og eftir stóð uppbygging allt að 35 lítilla húsa. Ljóst er að taka þarf 1-2 húsanna undir móttöku, þvottahús, geymslu og álíka. Þau hús er hugsuð á lóð C og hægt er að merkja þau sérstaklega í skýringarmynd.
4. Rætt var um lóðir og skilmála. Skipulagshöfundar og verkkaupi eru sammála um að betur fari á því hafa eina sameiginlega lóð undir fleiri hús heldur en sérlóð undir hvert hús. Þannig verði hægt að hafa skilmála fastari og tryggja samræmt heildaryfirbragð húsa, koma í veg fyrir óþarfa girðingar og álíka. Þetta verði bæði gert með skilmálum í deiliskipulagi en einnig í lóðarleigusamningum.
  - Skilmálar verða skýrðir betur
  - Lóðir verða stækkaðar þannig að hreinsivirki verði innan lóða
  - Lóðir verða stækkaðar þannig að manir verði innan lóða
  - Settir verða skilmálar um fjarlægð húsa frá lóðarmörkum / ellegar lóðir stækkaðar þannig að 10m regla eigi við.
  - Sett verða ákvæði um viðmiðunarhæð grjótmana

5. Rætt var um mænisstefnu. Útsýnisáttin er norð-austur fjórðungur í áttina að Hvannadalshnjúk og Skaftafellsfjöllum og því er líklegt að flestir vilji snúa langhlið eða gaffli í megin útsýnisátt. Hæstu birkitrén á landinu eru nú þegar komin í um 3m hæð og líklegt er að byggðin eigi eftir að hverfa í kjarri og sjálfsánum skógi með árunum. Þannig verða samræmd útlitseinkenni mikilvægari en föst mænisstefna og ekki er farið fram á að hún verði fest.
6. Rætt var um vegi og stíga. Þjónustuvegir grjóttgarða eru utan skipulagssvæðisins en sjást á uppdrætti og eru á landareigninni. Hægt er að merkja þá betur á korti og taka fram að þjónustumferð vegna grjóttgarða sé heimil. Merkja mögulegan stíg að þjóðgarði betur á uppdrætti.
7. Rætt var um algilda hönnun. 1/ 10 hluti húsa á að vera algild hönnun, skýra betur á uppdrætti og í skýringum.
8. Skráning fornleifa. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og ekki er líklegt að neinar fornleifar sé að finna á landinu. Athugandi væri að heyra í þuríði Elísu Harðardóttur minjaverði austurlands og athuga hvort hún gæti gefið út yfirlýsingu um að ekki sé ástæða til að gera fornleifaskrá.
9. Umhverfisskýrsla. Brynja gerir ekki kröfu um að hún fylgi en þá þarf að taka það fram sérstaklega að ekki sé talin þörf á frekara umhverfismati en fór fram í aðalskipulagsbreytingunni. Ef til vill væri gott að fjalla um ásýnd byggðarinnar frá þjóðgarði og þjóðvegi. GK ræðir málið betur við VSÓ.

Næsti fundur í Hornafirði er þann 6. október. GK lagfærir gögn í samræmi við ofangreint og sendir nýjan uppdrátt fyrir 1. október 2021.

Fleira ekki rætt. ST tók saman.

Liðir 2 og 9 uppfærðir 10. september 2021